

Fundargerð – 26.01.2015

Foreldraráð Menntaskólans við Hamrahlíð - 3. fundur stjórnar veturinn 2014-2015

Mætt voru: Ásgeir Sigurðsson, Fríður Reynisdóttir og Jódís Bjarnadóttir

Dagskrá:

1. Jódís hafði samband við formann nemendafélags MH hana Vigdís og óskaði eftir fundi með stjórn nemendafélagsins. Hún bauð okkur velkomin á fund en oftast funda þau á þriðjudögum kl. 16:30. Ákveðið að mæla með því við næsta foreldraráð MH að funda með nemendafélagi að hausti, þá skapast tengsl fyrr á skólaárinu. Jódís finnur tíma í samráði við Vigdís og boðar aðra í foreldraráðinu.
2. Jódís var búin að senda póst á Rannsókn og greiningu varðandi fyrirlestur fyrir foreldra. Á eftir að fá svar frá þeim. Nokkur foreldraráð hafa fengið fyrirlestur frá þeim um líðan og félagslega stöðu framhaldsskólanema en Rannsókn og greining hefur gert rannsókn í fjölda ára varðandi þessa þætti og fara inn í framhaldsskólana með kynningu á niðurstöðum.
3. Óskað verður eftir fundi með skólastjórnendum en foreldraráð og skólastjórnendur hafa fundað einu sinni á ári þar sem farið er yfir ýmis mál. Sendur verður póstur á Lárus varðandi tímasetningu.
4. Áframhaldandi umræða um „styrktarsjóð“. Fríður fékk það hlutverk að ræða við gjaldkera skólans um hvernig fyrirkomulag myndi henta best varðandi slíkan sjóð. Niðurstaðan sú að best sé að stofna reikning sem ekki er tengdur reikningum skólans. Þetta þarf að skoða vel í samræmi við starfsreglur foreldraráðs MH.

Fundi slitið.